

## AUGLÝSING

### um breytingu deiliskipulags íbúðarsvæðis Í5, Norðurþingi.

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum þann 18. febrúar 2020 breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis Í5. Breytingartillagan var grenndarkynnt skv. ákvæðum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Ekki bárust neinar athugasemdir við grenndarkynninguna. Breytingarnar fela í sér breytingu á byggingarrétti tveggja lóða. Á Grundargarði 2 verði heimilud uppbygging sex íbúða raðhúss á tveimur hæðum í stað tveggja fjögurra íbúða fjölbýlishúsa. Á Ásgarðsvegi 27 verður heimilað sex íbúða raðhús á tveimur hæðum í stað fimm íbúða raðhúss. Byggingarreitur á lóðinni er þrengdur og honum hliðrað til austurs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Húsavík, 13. mars 2020.*

**Gaukur Hjartarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. mars 2020